



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. maí 2020

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja, 814. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök ferðapjónustunnar (SAF), Samtök iðnaðarins (SI) og Litla Ísland hér eftir nefnd samtökin, vísa til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar frá 19. maí þar sem óskað var umsagnar samtakanna um málið. Frumvarpið er liður í aðgerðum stjórnvalda vegna kórónukreppunnar. Hinn 28. apríl samþykkti ríkisstjórnin að settar yrðu tímabundið einfaldari reglur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Breytingarnar byggja á núgildandi grunnreglum en miða að því að fyrirtæki geti komist í skjól á einfaldan hátt á meðan verið er að meta stöðu þeirra og uns meiri vissa fæst um framtíðarhorfur.

1. Almenn

Með frumvarpinu er sett á laggirnar úrræði til aðstoðar lífvænlegum fyrirtækjum á meðan kórónukreppan gengur yfir. Þar er liðkað fyrir reglum gjaldþrotaréttar um greiðslustöðvun og nauðasamninga á þann hátt að meiri líkur eru á því að árangur af úrræðinu náist en er við núgildandi lagaumhverfi. Í frumvarpinu er að finna margar jákvæðar breytingar sem að mati samtakanna ættu að leiða til breytinga á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (gþl.) til frambúðar til að auðvelda aðgengi fyrirtækja og auka árangur af greiðslustöðvun og nauðasamningum. Frumvarpið gerir t.a.m. ráð fyrir aðkomu sérfróðs aðstoðarmanns við gerð frjálsra samninga á meðan skuldari er í greiðsluskjóli. Það er veruleg réttarbót fyrir skuldara enda fyrirséð að kostnaður við aðkomu aðstoðarmanns sem hefur þekkingu á rekstri skuldara er skilvirkari, árangursríkari og kostnaðarminni en umsjónarmanns sem skipaður er af héraðsdómi og kemur nýr að rekstrinum.

Að mati samtakanna er þó mikilvægt, nú sem endranær, að réttindi kröfuhafa séu tryggð samhliða auknu svigrúmi skuldara til samninga. Með aðkomu héraðsdóms að úrræðinu telja samtökin að gætt sé að hagsmunum kröfuhafa með öruggum hætti. Kröfuhafar hafa andmælarétt og geta borið ágreining undir héraðsdóm. Ef ekki nást frjálsir samningar getur skuldari ýmist gert einfaldaðan nauðasamning við kröfuhafa, sbr. 20. gr. frumvarpsins, eða hefðbundinn, skv. 21. gr. frumvarpsins og ákvæðum gþl. Ef gerður er einfaldaður nauðasamningur þarf að leita samþykkis skipaðs umsjónarmanns og staðfestingu héraðsdóms sem tryggja á réttaröryggi kröfuhafa. Um hefðbundinn nauðasamning gilda reglur gþl. um atkvæðavægi.

Við núgildandi réttarumhverfi eru nauðasamningar sjaldgæfir. Með því úrræði sem kynnt er í frumvarpinu er réttur skuldara til að ná samningi aukinn. Hann er þó enn takmarkaður með forsendum sem ákveðnar eru fyrirfram og er jafnframt háður staðfestingu dómstóla. Skuldari á þannig frekari möguleika á að vernda eignir sínar í stað þess að horfa á eftir þeim í gjaldþroti. Þannig felur frumvarpið ekki í sér röskun á eignarréttindum kröfuhafa heldur vinnur það að



meira jafnvægi á milli eignarréttinda aðila. Með þeim hætti er hægt að forða samfélagslegu tjóni.

2. Skýrleiki ákvæða

Í 1. kafla frumvarpsins er að finna gildissvið frumvarpsins og skilyrði þess að fyrirtæki fái heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar eftir ákvæðum frumvarpsins. Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að lögaðili geti leitað heimildar til endurskipulagningar á fjárhag sínum að fullnægðum 2. gr. enda hafi grundvelli starfseminnar verið raskað verulega og orsakir þess verða raktar, beint eða óbeint, til ýmist opinberra ráðstafana eða aðstæðna sem hafa skapast vegna COVID-19. Grunnforsenda þess að hægt sé að beita þessu úrræði er að orsakir rekstravanda fyrirtækja megi leiða af heimsfaraldrinum en ekki annarra ástæðna sem eru ótengdar honum. Samtökin telja mikilvægt að nánari útfærsla á skilyrðum þess að fyrirtæki fái heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar í 2. gr. frumvarpsins séu ekki of þröng enda þarf að tryggja að þau fyrirtæki sem sannarlega hafa lent eða munu fyrir sjáanlega lenda í rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins falli undir úrræðið.

Fella út skilyrði um upphaf atvinnustarfsemi (2. tl. 2. gr.)

Í 2. tl. 2. gr. frumvarpsins er gert að skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu að skuldari hafi byrjað starfsemi fyrir 1. desember 2019. Að mati samtakanna er óþarft að setja inn slíkt tímamark þar sem önnur skilyrði frumvarpsins útiloka þau fyrirtæki sem ekki eiga heima í úrræðinu. Ennfremur eru engin sérstök rök lögð fram fyrir því að fyrirtæki skuli hafa verið stofnað fyrir þetta tímamark né liggur fyrir mat á því hvaða áhrif þessi takmörkun hefur á úrræðið. Samtökin leggja því til að umrætt tímamark sé fellt út.

Úrræði tekur ekki til einyrkja (3. tl. 2. gr.)

Samkvæmt 1. gr. og 3. tl. 2. gr. frumvarpsins verður skuldari að vera lögaðili og hafa greitt fleiri en einum manni laun í desember 2019 og janúar og febrúar 2020. Auk þess að undanskilja einyrkja með rekstur á eigin kennitölu undanskilur ákvæðið þannig lögaðila með einn launþega. Engin sérstök rök eru færð fyrir því í frumvarpstextanum en ljóst er að einstaklingar í eigin atvinnurekstri hafa orðið fyrir efnahagslegu áfalli, til jafns við önnur fyrirtæki, í umræddum heimsfaraldri. Samtökin leggja því til að einyrkjar falli einnig undir ákvæðið og að orðalagi ákvæðisins verði a.m.k. breytt þannig að það nái til lögaðila sem hafi greitt einum manni eða fleirum laun á viðmiðunartímabilinu.

Skýra og rýmka skilyrði um tekjusamdrátt (4. tl. 2. gr.)

4. tl. 2. gr. geymir skilyrði um viðmiðunartímabil tekjusamdráttar sem skuldari þarf að uppfylla til þess að fá heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Í ákvæðinu segir:

Mánaðarlegar heildartekjur af starfseminni hafi allar götur frá 1. mars 2020 dregist saman um 75 hundraðshluta eða meira í samanburði við meðaltal mánaðanna þriggja þar á undan eða mánaðarlegar heildartekjur síðustu þriggja mánaða áður en sótt er um úrræðið hafi dregist saman um a.m.k. 75 hundraðshluta í samanburði við sömu mánuði árið 2019 eða fyrir sjáanlegt er að heildartekjur af starfseminni á næstu þremur mánuðum frá því að sótt er um úrræðið a.m.k. 75 hundraðshlutum minni í samanburði við sama tíma á árinu 2019.



Svo virðist sem ákvæðið geri ráð fyrir þremur leiðum við mat á því hvenær greiðslufall hefur orðið eða er fyrir séð. Að mati samtakanna er óskýrt hvort að ákvæðið taki tillit til fyrirtækja með árstíðarbundnar tekjur, svo sem lítilla ferðaþjónustufyrirtækja á landsbyggðinni en tekjur þeirra þurrkast út á veturna. Samtökin telja einsýnt að slík fyrirtæki myndu notast við þá heimild ákvæðisins að fyrir séð sé að tekjur þeirra dragist saman um 75 % næstu þrjá mánuði frá umsókn miðað við sama tíma á árinu 2019. Hins vegar er ekki skýrt í greinargerð hvaða frekari skilyrði séu fyrir hendi til þess að falla undir það skilyrði og hvernig skuldurum beri að sýna fram á hið fyrir séða tekjufall. Ákvæðið þarf því að skýra betur.

Samtökin vilja einnig vekja athygli á því að það er miðað við að heildartekjur af starfsemi lögaðila hafi fallið um 75% eða meira til þess að heimild megi veita til fjárhagslegrar endurskipulagningar skv. frumvarpinu. Það er mjög hátt viðmið fyrir lögaðila og gætu lögaðilar þurft úrræðið þó tekjufall þeirra af völdum COVID-19 nái ekki svo háu viðmiði. Viðmiðið er hærra en t.d. í lögum um hlutabætur (35%) og í lögum um stuðningslán (40%). Samtökin leggja til að skilyrðin verði rýmkuð.

3. Kröfueign eigenda sameignarfélags (3. gr.)

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir að við mat á skilyrðum fyrir heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrir félög með ótakmarkaðri ábyrgð skuli jafnframt horfa til peningaeignar, innstæðna, verðbréfa og krafna þess eða þeirra sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Að mati samtakanna er óeðlilegt, þrátt fyrir persónulega ábyrgð eigenda sameignarfélags, að horfa til kröfueignar eigenda sameignarfélags þegar eignir lögaðilans eru metnar enda alveg ljóst að margar af þeim kröfum verða ekki greiddar undir núverandi kringumstæðum sem eru fordæmalausar. Þetta ákvæði ásamt 3. mgr. 3. gr. mætti skýra betur.

4. Heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar (4. og 7. gr.)

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um beiðni um heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Í 1. mgr., og á fleiri stöðum, kemur fram að beiðni skuli vera skrifleg. Samtökin vilja koma því á framfæri að með orðunum skrifleg útiloki það ekki að beiðnin geti verið rafræn. Rafræn samskipti eru eðli málsins samkvæmt einnig skrifleg. Að mati samtakanna ætti í öllu falli að vera mögulegt, þegar tilgangurinn er að bregðast skjótt við yfirstandandi ástandi, að skila beiðninni rafrænt. Skriflegar umsóknir ásamt fjölda fylgigagna torvelda aðgengi fyrirtækja að úrræðinu.

Í 7. gr. eru talin upp nánar tilgreind tilvik þar sem synja skal um heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Inn í ákvæðið vantar heimild dómara til að veita skuldara frest til að bæta úr annmörkum á umsókn, líkt og er bæði varðandi greiðslustöðvun og nauðasamninga.

5. Skattalegar afleiðingar eftirgjafar

Eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga telst ekki til tekna ef skuldirnar hafa myndast utan atvinnurekstrar, sbr. 3. tl. 1. mgr. 28. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 (tskl.). Eignaauki vegna eftirgjafar við nauðasamninga á skuldum í atvinnurekstri er því skattskyldur. Þessu þarf að breyta en skattskyldan getur leitt til þess að félag verði mögulega gjaldþrota eða lendi í greiðsluferðleikum um leið og það klárar fjárhagslega



endurskipulagningu. Það þarf að kveða á um skattfrelsi tekna af eftirgjöf skulda í frumvarpinu en jafnframt breyta tskl. að þessu leyti.

6. Úrræðið verður að ná til samstæðna

Líkur eru á því að úrræðið nái til samstæðna en mikilvægt er að það sé skýrt af frumvarpinu eða greinargerð með því að heimild móðurfélags til fjárhagslegrar endurskipulagningar nái einnig til dótturfélaga þannig að þau fái notið hagræðisins. Það væri mikið óhagræði fólgandi því að þurfa að sækja um heimild fyrir hvert félag í samstæðu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Handwritten signature of Heiðrún Björk Gísladóttir in black ink.

Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Litla Íslands

Handwritten signature of Ingibjörg Björnsdóttir in blue ink.

Ingibjörg Björnsdóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Handwritten signature of Björg Ásta Þórðardóttir in black ink.

Björg Ásta Þórðardóttir

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Handwritten signature of Jóhannes Þór Skúlason in black ink.

Jóhannes Þór Skúlason